

Handbók

Handbókin geymir upplýsingar og fróðleik vegna leikja og móta.

Starfsmenn

Ritari: Hlutverk ritara leiksins er að sjá um uppsetningu leikskýrslu fyrir leik og sjá til þess að hún sé undirrituð af þjálfurum liðanna nokkru áður en leikur hefst. Á meðan leik stendur ritari mörk, refsingar og annað það sem í skýrslunni á að vera, ritari ber einnig ábyrgð á að dómari séu rétt skráðir upp á stigatöfluna, hann þarf að tilkynna til dómara ef villa er í skráðum tíma á stigatöflu og réttum tíma leiksins. Ritari þarf einnig að sjá til þess að allar leiðréttingar sem dómari óskar eftir séu framkvæmdar, hann þarf að láta dómara vita ef einhver fær annan Misconduct (10mín) dóm í sama leiknum og að láta dómara vita ef einhver tekur þátt í leiknum sem er ekki á samþyktri leikskýrslu. Að loknum leik sér ritari til þess að dómari undirriti skýrsluna þannig að leiknum sé lokað, þá þarf hann að sjá til þess að afrit af leikskýrslunni berist skrifstofu ÍHÍ og að dómari fái með sér afrit af skýrslunni óski hann eftir því. Ritari þarf einnig að láta dómara vita ef leikmaður er ekki á leikskýrslu áður en leikur hefst eftir stopp.

Tímavörður: Hlutverk tímavörðar er að setja upp klukkuna og hafa hana tilbúna þegar upphitun hefst. Tímavörður skal einnig sjá til að liðum sé tilkynnt þegar 1 mínúta er í upphitun. Að sama skapi skal hann láta tilkynna liðum með fyrirvara um upphaf hvernar lotu. Tímavörður skal sjá til að á staðnum sé skeiðklukka til staðar ef aðalklukka bilar. Tímavörður skal tilkynna ritara ef klukkan gekk of lengi eða var sett af stað of seint, ritarisér svo um að koma upplýsingunum til dómara í næsta stoppi.

Markadómari: Í upphafi hvers leikhluta eiga þeir að fylgjast með þeim aðaldómara sem sér um dómarauppkastið. Þegar hann biður um það þá eiga þeir að staðfesta að þeir og búnaður þeirra sé tilbúin með því að kveikja á rauða ljósinu. Þeir eiga að fylgjast með hvort pökkurinn fer svo á einhverjum tímapunkti yfir markalínu á markinu sem þeir bera ábyrgð á. Ef það gerist kveikja þeir á rauða ljósinu og láta það lýsa þar til aðaldómari hefur örugglega signalerað annaðhvort mark eða ekki mark. Þeir eiga líka að skrá niður fjölda skota á mark, pökkurinn verður þá að hafa stefnt inn í markið áður en markmaðurinn eða einhver annar leikmaður nær að stöðva hann. Ekki telst með ef pökkurinn stefnar á stangirnar eða utan við þær. Ef aðaldómari óskar eftir því að tala við markadómara þá á hann að gera það og svara eingöngu spurningum dómara í stuttu máli. Við lok hvers leikhluta á markadómari að skil inn upplýsingum um skot á mark til ritara.

Hliðarverðir. Hliðarverðir sjá um að opna og loka refsiboxum þegar við á, þ.e. þegar refsing leikmanns hefst og lýkur (gæta skal sérstaklega að því að refsibox sé opnað þegar refsiklukkan sýnir 0). Hliðarverðir skulu einnig sjá til þess að mörk séu boruð niður fyrirleik og færð fyrir heflun. Hliðarverðir skulu láta leikmanni í té upplýsingar um hversulengt er eftir af refsingunni hans óski leikmaður eftir því og láta ritara vita ef leikmaður fer of snemma úr refsiboxinu.

Kynnir: Kynnirinn sér til þess að tilkynningar séu fluttar í hátalarakerfi hússins:

1. Hver skorar mark og hverjir eiga stoðsendingar.

2. Refsingar.
3. Lok refsinga.
4. Þegar ein mínúta er eftir af fyrsta og öðrum leikhluta.
5. Þegar tvær mínútur eru eftir af þriðja leikhluta.

Leikskýrsla: Leikskýrslan þarf ekki að vera afgerandi um það hvort leikmaður telst löglegur með liði eðu ei. Ef leikmaður er á leikmannalista en ekki á leikskýrslu er dómara heimilt að leyfa leikmanninum að halda áfram leik þar sem augljóst er að um mannleg mistök er að ræða.

Upphitun

Í meistaraflokki kvenna og karla skal undirbúningur fyrir leik fara fram á eftirfarandi

hátt:

1. Upphitun á óhefluðum ís (nema annað sé í boði) í 15 mínútur.
 2. Ís heflaður og leikur hefst 15 mínútum eftir að upphitun lýkur.
- Dómari getur þó ákveðið að víxla 1. og 2. lið sé ástand íssins svo slæmt að ekki er hægt að taka upphitun á rough ice. Mikilvægt er að leikir hefjist á réttum tíma.

Refsingar

Refsingar í íshökkí eru frá því að vera 2 mínútur uppí það að leikmaður er rekinn úr leiknum og í sturtu. Í dæmunum hér á eftir er brotlegi leikmaðurinn alltaf nefndur X. Hér eru helstu aðstæður sem geta komið upp:

1. Leikmaður X fær 2 mínútur í refsingu fyrir brot:

- a. Hann situr refsinguna út.
- b. Hann kemur inná skori andstæðingarnir mark.
- c. Hann tekur refsinguna út ef jafnt er í liðum, þó svo mark sé skorað(5 - 5, 4 - 4).

2. Leikmaður X fær 2 + 2 mín í refsingu:

- a. Dómur fer upp á töflu.
- b. Ef mark er skorað af andstæðingum á meðan fyrri tvær mínútur eru að teljast niður strokast afgangur þeirrar refsingar út og leikmaðurinn situr seinni tvær mínútur. Sama gerist ef leikmaður er að sitja seinni tvær mínútur. Þ.e. leikmaðurinn fer inná.

3. Leikmaður X fær 2 + 10 mín í refsingu (brot og persónulegur dómur):

- a. Tvær mínútur fara upp á töflu og aukaleikmaður Z kemur í refsiboxið.
- b. Leikmaður X situr í refsiboxinu í hámark 12 mínútur og kemur inn á eftir fyrsta flaut.
- c. Leikmaður Z fer inn á völlinn þegar tvær mínúturnar eru liðnar .
- d. Undantekning. Skori liðið sem er fleira á vellinum á meðan á refsingu stendur, þurrkast eftirstöðvar 2. mín dómsins út og Z má fara úr refsiboxinu. Jafnframt byrjar 10 mínútna persónulegi dómurinn þá strax að telja hjá X.

4. Einn leikmaður úr hvoru liði fær refsingu. Dómari ákveður að beita jöfnun

(jöfnunardómur) (Viltu fræðast nánar sjá skýringu 1)

- a. Báðir leikmennirnir sem hlutu refsingu koma í boxið.
- b. Refsingar fara **ekki** upp á töflu.

- c. Nýir leikmenn koma inn á ís af varamannabekk.
- d. Leikmenn í jöfnunarrefsingu koma inná á fyrsta flauti eftir að refsingu er lokið.
- e. Dæmi. Lið eru að spila 5 – 4 þegar dómari gefur sitthvorum leikmanninum úr sama liðinu dóm. Dómarinn beitir jöfnun og liðin spila áfram 5 – 4. (Á þeim tímapunkti eru tveir leikmenn í öðru refsiboxinu en einn í hinu) en aðeins einn dómur er uppá töflu, þessi upprunarlegi. Liðið sem skipað er 5 leikmönnum skorar og fer þá sá leikmaður, hins liðsins, sem á stystu refsinguna uppá töflu inná aftur

5. Leikmaður X hlýtur 5 + 20 mín (GM) eða 25 mín (MP).

- a. Leikmaður X skal halda til búningsklefa. Leikmanninum er heimilt að halda til þar eða skal yfirgefa keppnisstað, hann má ekki horfa á leikinn úr áhörfendastæðum.
- b. Aukaleikmaður Z kemur í boxið og 5 mínútur fara upp á klukku.
- c. Leikmaður Z situr allar 5 mínúturnar og breytir þá engu um hvort andstæðingarnir skora mark eður ei.
- d. Athugið. Hljóti annar leikmaður úr sama liði 2ja mínútna refsingu (5 – 3) og andstæðingar skora mark eftir það, þá fer sá leikmaður inná (sjá c lið).

Framlengingar

Misjafnt er eftir flokkum hvað gerist verði jafntefli í leikjum liða.

Eftirfarandi reglur gilda í meistaraflokki karla og kvenna:

Leikið er áfram 1x 5 mínútna framlenging með fjóra útispirandi leikmenn þar til annað liðið skorar (gullmark).

Náist ekki úrslit í bráðabana, skal háð vítakeppni þar sem hvort lið tekur 3 víti sem tekin eru af sitthvorum leikmanninum. Náist ekki úrslit í vítakeppni skal háður vítabráðabani. Heimilt er að nota alla leikmenn liðsins í vítabráðabana og/eða sama leikmanninn aftur og aftur. Leikmaður eða leikmenn sem eru að taka út refsingu í refsiboxi þegar bráðabana lýkur eða hefur verið vísað af velli geta ekki tekið víti.

Ekki þarf að hefла svellið fyrir framlengingu eða vítakeppni, en dómari getur ákveðið að slíkt sé gert telji hann þess þörf

Eftirfarandi reglur gilda um leiki í 4; 3. og 2. flokki:

Ekki er framlengt í fyrrnefndum flokkum heldur er farið beint í vítakeppni. Sömu reglur gilda um framkvæmd hennar og í mfl. kk. og kvk.

Ekki þarf að hefла svellið fyrir vítakeppni, en dómari getur ákveðið að slíkt sé gert telji hann þess þörf.

Helgarmót

Í leikjum 5 flokks b, 6. og 7. flokks skal dómari flauta á 2 mínútna fresti og skal þá skipt um leikmenn. Dómari skal ekki hafa upplögð marktækifæri af liðum í 5. flokki b, og því hinkra smá ef þannig er ástatt í leiknum.

Eftirfarandi regla gildir um helgarmót í öllum flokkum:

13.3 Í barnamótum sem leikin eru í formi helgarkeppni skal mótstjórn skipuð fararstjóra hvers liðs fyrir sig ásamt mótanefndarmanni heimaliðs sem jafnframt er mótstjóri.

Mótsstjóri sér um að boða fundi mótsstjórnar og stýrir þeim.

13.3.1 Mótsstjórn hefur fullt umboð mótanefndar ÍHÍ og aganefndar ÍHÍ á meðan á mótinu stendur. Þannig hefur mótsstjórnin heimild til þess að bregða út af auglýstri dagskrá og beita leikmenn eða forráðamenn liða refsingum fyrir agabrot. Allar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar af einföldum meirihluta mótsstjórnar þar sem hver fulltrúi í

mótsstjórn hefur eitt athvæði, allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð.

Skýring 1. Eitt af meginatriðum í ishokki er að dómari skal ætíð leitast við að hafa sem flesta leikmenn inn á ísnum. Þegar tveir leikmenn úr sittthvoru liðinu fá dóm á sama tíma og dómarnir eru jafn langir leyfist dómara að beita jöfnun. Jöfnun má þó ekki beita þegar lið eru að spila 5 – 5 þegar brotið á sér stað og aðeins einum litlum dóm (2mín) er úthlutað á hvort lið.

3. 4. 5. 6. og 7. flokkur, reglur teknar af eldri vef sambandsins, www.ihf.is

Í 3. flokki skal spilað á heilu svelli. Leiktíminn er 3 x 20 mínútur. Fyrstu tvær loturnar skulu spilaðar á rúllandi klukku en sú síðasta á stopp klukku.

Leiktíðina 2014-2015 verður 3. flokkur leikinn í einstaka leikjum en ekki helgarmótum. Um flokkinn gilda því allar almennar reglur svo sem um vísun mála til nefnda.

Eftirfarandi reglur gilda um leiki í 3. flokki: Ekki er framlengt í fyrrnefndum flokkum heldur er farið beint í vítakeppni. Sömu reglur gilda um framkvæmd hennar og í mfl. kk. og kvk. Ekki þarf að hefла svellið fyrir vítakeppni, en dómari getur ákveðið að slíkt sé gert teljihann þess þörf.

Í 4. flokki skal spilað á heilu svelli. Leiktíminn er 3 x 15 mínútur. Fyrstu tvær loturnar skulu spilaðar á rúllandi klukku en sú síðasta á stopp klukku.

Eftirfarandi regla gildir um helgarmót í öllum flokkum:

13.3 Í barnamótum sem leikin eru í formi helgarkeppni skal mótsstjórn skipuð fararstjóra hvers liðs fyrir sig ásamt mótanefndarmanni heimaliðs sem jafnframt er mótsstjóri. Mótsstjóri sér um að boða fundi mótsstjórnar og stýrir þeim.

13.3.1 Mótsstjórn hefur fullt umboð mótanefndar ÍHÍ og aganefndar ÍHÍ á meðan á mótinu stendur. Þannig hefur mótsstjórnin heimild til þess að bregða út af auglýstri dagskrá og beita leikmenn eða forráðamenn liða refsingum fyrir agabrot. Allar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar af einföldum meirihluta mótsstjórnar þar sem hver fulltrúi í mótsstjórn hefur eitt athvæði, allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð.

Eftirfarandi reglur gilda um leiki í 4. flokki: Ekki er framlengt í fyrrnefndum flokkum heldur er farið beint í vítakeppni. Sömu reglur gilda um framkvæmd hennar og í mfl. kk. og kvk. Ekki þarf að hefла svellið fyrir vítakeppni, en dómari getur ákveðið að slíkt sé gert teljihann þess þörf.

Spila skal í leiki í 5. flokki á heilu svelli hjá a-liðum en 2/3 hluta íssins hjá öðrum liðum í flokknum. Spilað skal með svartan pökk. Dómari skal flauta á 2 mínútna fresti og skal þá skipt um leikmenn í leikjum b-liða. Þó skal ekki flautað séu upplögð marktækifæri í gangi.

Leiktími í flokknum er 2 x 20 mínútur. Stutt hlé skal taka mill lotna (2 - 4 mínútur). Ekki eru tekin leikhlé í flokknum.

Eftirfarandi regla gildir um helgarmót í öllum flokkum:

13.3 Í barnamótum sem leikin eru í formi helgarkeppni skal mótstjórn skipuð fararstjóra hvers liðs fyrir sig ásamt mótanefndarmanni heimaliðs sem jafnframt er mótstjóri. Mótsstjóri sér um að boða fundi mótsstjórnar og stýrir þeim.

13.3.1 Mótsstjórn hefur fullt umboð mótanefndar ÍHÍ og aganefndar ÍHÍ á meðan á mótinu stendur. Þannig hefur mótsstjórnin heimild til þess að bregða út af auglýstri dagskrá og beita leikmenn eða forráðamenn liða refsingum fyrir agabrot. Allar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar af einföldum meirihluta mótsstjórnar þar sem hver fulltrúi í mótsstjórn hefur eitt athvæði, allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð.

Spila skal í leiki í 6. flokki þvert á 1/3 íssins og skal hvort lið skipað fjórum leikmönnum (fjórir á fjóra). Spilað skal með **bláan pökk**. Dómari flauta á 2 mínútna fresti og skal þá skipt um leikmenn.

Mörk sem notast er við í mótum skulu vera sem næst þeirri stærð sem sýnd [er í þessu skjali](#).

Leiktími í flokknum er 2 x 15 mínútur. Stutt hlé skal taka mill lotna (2 - 4 mínútur).

Eftirfarandi regla gildir um helgarmót í öllum flokkum:

13.3 Í barnamótum sem leikin eru í formi helgarkeppni skal mótstjórn skipuð fararstjóra hvers liðs fyrir sig ásamt mótanefndarmanni heimaliðs sem jafnframt er mótstjóri. Mótsstjóri sér um að boða fundi mótsstjórnar og stýrir þeim.

13.3.1 Mótsstjórn hefur fullt umboð mótanefndar ÍHÍ og aganefndar ÍHÍ á meðan á mótinu stendur. Þannig hefur mótsstjórnin heimild til þess að bregða út af auglýstri dagskrá og beita leikmenn eða forráðamenn liða refsingum fyrir agabrot. Allar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar af einföldum meirihluta mótsstjórnar þar sem hver fulltrúi í mótsstjórn hefur eitt athvæði, allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð.

Spila skal í leiki í 7. flokki þvert á 1/3 íssins og skal hvort lið skipað fjórum leikmönnum (fjórir á fjóra). Spilað skal með **bláan pökk**. Dómari flauta á 2 mínútna fresti og skal þá skipt um leikmenn.

Mörk sem notast er við í mótum skulu vera sem næst þeirri stærð sem sýnd [er í þessu skjali](#).

Leiktími í flokknum er 2 x 15 mínútur. Stutt hlé skal taka mill lotna (2 - 4 mínútur).

Eftirfarandi regla gildir um helgarmót í öllum flokkum:

13.3 Í barnamótum sem leikin eru í formi helgarkeppni skal mótstjórn skipuð fararstjóra hvers liðs fyrir sig ásamt mótanefndarmanni heimaliðs sem jafnframt er mótstjóri. Mótsstjóri sér um að boða fundi mótsstjórnar og stýrir þeim.

13.3.1 Mótsstjórn hefur fullt umboð mótanefndar ÍHÍ og aganefndar ÍHÍ á meðan á mótinu stendur. Þannig hefur mótsstjórnin heimild til þess að bregða út af auglýstri dagskrá og beita leikmenn eða forráðamenn liða refsingum fyrir agabrot. Allar slíkar ákvarðanir skulu samþykktar af einföldum meirihluta mótsstjórnar þar sem hver fulltrúi í mótsstjórn hefur eitt athvæði, allar ákvarðanir skulu færðar í fundargerð.